



LÝÐRÆÐISLEG VIÐHORF BARNA: AÐFERÐAFRÆÐI

Verkefnið var í framkvæmd frá nóvember 2021 til apríl 2023 undir Erasmus+ prógraminu *School Education - Key Action 2- Small scale partnership(KA210-SCH), Call 2021* undir yfirskriftinni *Lýðræðisleg viðhorf barna*.

Skráningarnúmer verkefnisins: 2021-1-CZ01-KA210-SCH-00003144

Verkefninu var lokið í sameiningu af Pangea Foundation (Czech Republic) og Útiskóli Laugarvatni (Iceland)

PANGEA



Bláskógaskóli
Laugarvatni

Virðing • Vinátta • Gleði

Höfundur: MgA. Jana Haková

Hagnýt verkefni voru búin til af: Mgr. Pavla Příbylová, Mgr. Barbora Fialová, Bc. Martina Štolbová, Mgr. Martina Pospíšilová, Hallberu Gunnarsdóttur BSc, Dagnýju Rut Grétarsdóttur B.Ed, Margréti Harðardóttur BS, M.Ed, Mgr. Veronika Žáková

Útgáfuár: 2023



Efnisyfirlit

Lykilheimildir

- 1) Fræðsla til dyggða (Tékkland)
- 2) Útiskóli (Ísland)
- 3) Fræðilegur bakgrunnur

Þrjár stoðir til að þróa lýðræðislegt viðhorf meðal barna

- 1) Meðvituð vinna barna með þeirra eigin siðferðilega eiginleika
- 2) Virkt borgaralíf barna
- 3) Tilfinningaleg tengsl við land sitt


Hagnýt verkefni

- 1) Hagnýt verkefni 1 – Meðvituð vinna barna með sín eigin siðferðilega eiginleika
- 2) Hagnýt verkefni II – Virkt borgaralíf barna
- 4) Hagnýt verkefni III – Tilfinningaleg tengsl við land sitt.

Lykilheimildir

Lýðræðissinnaðir borgarar íhuga ekki aðeins leiðir til að hlúa að núverandi lýðræðissamfélagi, heldur einnig leiðir til að móta samfélagið á jákvæðan hátt í framtíðinni, þegar það verður í höndum þeirra sem eru börn í dag. Sömuleiðis finnst okkur mikilvægt að kynna hugmyndir að lýðræði fyrir börnum frá unga aldri svo að umræðan um það verði eðlilegur hluti af persónuleika þeirra. Það sem við gerum í dag til að hafa áhrif á börn vex með þeim til framtíðar. Við leggjum áherslu á að börn í dag læri og öðlist skilning á orðum eins og ábyrgð, virðing, skilningur, hugrekki, þrautseigja, þolinmæði, hjálpssemi, ættjarðarást, heiðarleiki, heilindi og fleiri. Orðin og tungumálið er það sama sem notað er hjá börnum og fullorðnum en það er undir okkur komið hvenær við kynnum fyrir börnum þessi stóru orð og stuðlum að getu þeirra til að skilja merkingu þeirra. Það er fyrst þá sem börn geta meðvitað byrjað að vinna með þau.

Ef við skoðum viðleitni evrópskra stofnana til að efla lýðræðisleg viðhorf barna um þessar mundir, þá má glögglega sjá að um alla Evrópu er lýðræðismentun stór áhersluþáttur. Evrópuráðið stuðlar að sex lýðræðislegum meginþáttum í öllum sínum aðildarlöndum og leitast þær við að höfða til barna. Hverjar eru þessir meginþættir og hvernig eru þeir útfærðir?



Sérfræðingar frá öllum Evrópulöndum hafa í sameiningu gert ítarlegar kennsluleiðbeiningar, í lýðræðismentun, fyrir kennara. Efnið sýnir með áþreifanlegum dæmum hvernig hægt er að kenna og kynna lýðræði fyrir börnum. Aðferðafræðin sem við vinnum eftir er okkar viðleitni til að styrkja lýðræðisleg viðhorf barna í Evrópu. Heildræn nálgun efnisins gerir það frábrugðið frá öðru kennsluefni í lýðræðismentun. Kennslan byggir ofan á og við upplifun og reynslu barnsins og ýtir undir og eflir þroska persónuleika þess. Fyrir nánari skýringar er hægt að skoða kaflann um þrjár stoðir í þróun lýðræðislegra viðhorfa barna. Hugmynd okkar er að sameina tvö sannreynd hugtök sem hafa þróast yfir í rótgrónar kennsluáferðir í Tékklandi og á Íslandi. Hafa bæði hugtökin mikla möguleika á að styðja börn til virkara sambands við evrópskt samfélag.



1) Fræðsla til dyggða



Virtue Education

Kvöld eitt sagði fullorðin indíáni barnabarni sínu frá baráttunni sem á sér stað innra með hverjum manni. Hann sagði: „Sonur, baráttan innra með okkur er barátta milli tveggja úlfa. Annar er illur. Það er reiði, öfund, afbrýðisemi, sorg, eigingirni, dónaskapur, hatur, sjálfsvorkun, svik, hroki og sjálfelska. Hinn er góður. Það er gleði, friður, ást, von, æðruleysi, hógværð, góðvild, samkennd, örlæti, tryggð, samúð og traust.“ Barnabarnið hugsaði sig aðeins um og eftir smá stund spurði hann: „Hvaða úlfur mun sigra?“ Gamli indjáninn svaraði: „Sá sem þú gefur að borða.“

Fræðsla til dyggða er ætlað að fódra góða úlfinn; við viljum styrkja jákvæð persónueinkenni sem við höfum haft frá fæðingu. Fræðsla til dyggða hjálpar barninu að bera kennsl á sína styrkleika í formi dyggða, að vera meðvitað um veikleika sína og sætta sig við þá, að sýna virðingu gagnvart því hversu ólíkir einstaklingar við erum, að kunna að meta eiginleika annarra og verða sjálfstæðari og ábyrgðari einstaklingur. Þannig stuðlar *Fræðsla til dyggða* að því að koma á og efla lýðræði í barnahópnum þar sem börn geta tjáð tilfinningar sínar og hugmyndir um aðra og þá atburði sem gerast í kringum þau á opinskáan hátt.

Dyggðafræðsla snýst ekki um að búa til einstakan kynþátt af börnum sem hegða sér vel og vita alltaf hvernig á að bregðast syndlaust við. Þvert á móti, fjallar dyggðafræðsla um eðli manneskjunnar og þar með talið ófullkomleika hennar. Tilgangur fræðslunnar er að gera börnum kleift að lifa á meðvitaðan hátt frá unga aldri. Að þau finni styrkleika sína í dyggðum sem eru þeim eðlislægar en einnig að vera meðvituð um takmarkanir þeirra dyggða sem eru krefjandi og erfitt að tileinka sér. Börnin finna sjálf hvort þau vilji bæta sig á einhverju sviði. Það eru engir ákveðnir staðlar sem við krossum við til að búa til hið fullkomna dyggðuga barn. Þvert á móti styðjum við barnið til að finna sérstöðu sína og öðlist skilning og þroska.



Kostir fræðslu til dyggða



- Barnið lærir að þekkja sína styrkleika og á auðveldara með að skilja sérstöðu sína.
- Barnið gerir sér grein fyrir takmörkum sínum og lærir að takast á við þær.
- Barnið öðlast meira sjálfstæði, verður ábyrgara og á auðveldara með að tjá sig og skilgreina hugsanaferli sitt.
- Barnið getur íhugað og áttað sig á þeim jákvæðu áhrifum sem það getur haft á sitt nánasta umhverfi.
- Börn geta greint styrkleika annarra og nálgast hvert annað af meiri virðingu.
- Andinn í hópnum verður betri.
- Börn læra að þekkja hegðun sem leiðir til átaka og geta breytt henni með skrefum sem leiða til samkomulags
- Börn öðlast verkfæri sem stuðlar að samstöðu og betri samskiptum í bekknum sínum/hópnum og til að takast á við brot á reglum.

Dyggðir eru blómin í garðinum

Til þess að hjálpa börnum að skilja betur hvað felst í dyggðum þá höfum við valið að nota garð sem myndlíkingu í aðferðafræðinni okkar. Garðurinn er persónuleiki barnsins og dyggðirnar eru blómin sem vaxa í garðinum. Ef við sinnum þeim, verða þau sterk, ilmandi og falleg. Ef við sinnum þeim ekki, munu þau visna og útlit garðsins verður í samræmi við það. Hver og einn garður hefur sína persónulegu lögun, andrúmsloft, liti og ilm. Hver garður er einstakur, engin er betri en annar og það er undir hverjum og einum komið að ákveða hvernig hann ætlar að sinna sínum garði.

En hvað nákvæmlega þýðir *dyggð*? Er það samheiti fyrir *gildi*? Nei, svo er ekki. Fyrir suma eru auðæfi og starf gildi rétt eins og vinátta og hugrekki en eru þó ekki meðfæddir eiginleikar sem gera okkur að góðri manneskju. Dyggðir eru dýpra undir yfirborðinu, mjög persónulegar, þær eru það sem mótar persónuleika okkar.



Dyggðakort

Til að hjálpa börnum að eiga auðveldara með að skilja merkingu dyggðanna notar fræðsla til dyggða myndakort sem eru lýsandi fyrir hverja dyggð. Börnin sjá mynd af ákveðinni hegðun eða aðstæðum sem þau þekkja á kortunum ásamt skilgreiningu í stuttri setningu. Kortið sýnir ólútbundna hugtak dyggðarinnar í verki og hjálpar það börnunum að skilja og muna betur dyggðirnar. Á bakhlið kortsins eru spurningar og tengd efni fyrir kennarann til að ræða við börnin og ýta undir hugleiðingar og vangaveltur.



Skilningur á óhlutbundnum hugtökum

Eftir nokkurra ára reynslu af fræðslu til dyggða höfum við komist að þeirri niðurstöðu að börn þurfa blöndu þriggja þátta til að átta sig á merkingu dyggða - munnlega lýsingu (e.verbal description), verklega athöfn (e.practical activity) og sjónræna framsetningu (e.visualisation). Þessir þættir gera þeim kleift að skilja óhlutbundin hugtök og nota þau í daglegu lífi.


Við einfaldlega notum **munnlega lýsingu** til að nefna þær og hafa orð á þeim dyggðum sem barnið nýtir sér og sýnir í daglegu lífi. Þetta hjálpar börnunum að þekkja dyggðirnar og spegla merkingu þeirra við hegðun. Dyggðin *þolinmæði*, við getum notað orðið eitt og sér. Eða við getum valið frekari lýsingu - Listin að sætta okkur við að eitthvað taki lengri tíma en við myndum vilja.

Þegar vakin er athygli barnana á dyggðum í **verklegum athöfnum** daglegs lífs. Til dæmis þegar börn ákveða hvernig eigi að skipta verkum sínum milli í kennslustofunni koma *gagnkvæmni* og *ábyrgð* í ljós af

sjálfu sér. Þegar þau hjálpa vini sem hefur meitt sig á hnénu á leikvellingum er *umhyggja* og *hjálpsemi* til staðar. Til viðbótar við daglegt starf innan kennslustofunnar getum við líka notað skipulagðan leik sem er til þess gerður að leggja áherslu á dyggð og gera hana augljósa fyrir börnunum. Hægt er að sjá lýsingar á til þess gerðum leikjum í kafla um hagnýt verkefni aftar í skjalinu.

Sjónræn framsetning eða myndir hjálpa börnum frekar en orð til að muna og skilja merkingu dyggðanna. Börn muna eftir myndum og tengja þær óhlutbundinni merkingu án erfiðleika. Hvert dyggðakort sýnir aðstæður sem börn þekja úr eigin lífi, atburð eða upplifun. Barnið rifjar upp skilning sinn og tilfinningar gagnvart dyggðinni með því að horfa á myndina.

Við getum sýnt grunnhugtak fræðslu til dyggða á eftirfarandi hátt:



Kennarar þurfa að sameina þessa þætti og nota alla þrjá reglulega. Tveir lykilhæfileikar sem nauðsynlegir eru fyrir kennara í fræðslu til dyggða eru:

- 1) hafa dyggðir sem hluta af námsmarkmiðum í verkefnaáætlun/kennsluáætlun,**
- 2) beina athygli barna að dyggðum.**

Þessir þættir eru mikilvægir og ómissandi í aðferðafræði okkar. Þeir eru það sem gera fræðslu til dyggða einstaka. Það frábæra við þessa hugmyndafræði er að það er hægt að tengja hana við hvaða kennslufræði sem er, hvort sem það er í hefðbundnum opinberum skóla eða í annars konar námsumhverfi. Það er óþarfi að taka út eða breyta neinu. Það eina sem þarf að gera er að beina athygli barna að dyggðum í daglegu umhverfi og dagskrá. Að benda þeim á að fylgjast með hvað er að gerast innra með þeim og hvernig dyggðir birtast í athöfnum þeirra. Ef við förum að innleiða fræðslu til dyggða strax þegar börn eru á leikskólaaldri verða þau þeim mun betur í stakk búin að takast á við samskipti og daglegt líf á grunnskólastiginu.

Að vekja athygli á dyggðum í daglegu lífi barna

Til þess að fræðsla til dyggða nýtist í daglegu lífi barna er ekki nóg að nýta augnablikið til að útskýra merkingu þeirra. Við leggjum áherslu á að útskýra hana einnig í samhengi við daglegt líf. Kennarinn leiðir börnin áfram til að efla skilning þeirra á dyggðum í samhengi við aðstæðurnar sem þau eru í. Í kennslustofunni, heima hjá barninu, þegar þau stunda tómstundir eða persónuleg áhugamál og svo framvegis. Þegar barn öðlast skilning á dyggð verður hún hluti af hugsunum þeirra og viðhorfum og til að börn geti sannarlega haft hag af fræðslu til dyggða þarf að minna þau á að nýta sér þær dyggðir sem þau hafa öðlast á lífsleiðinni. Dyggðir sem þau búa að fram á fullorðins ár og halda stöðugt á fram að dýpka skilning sinn á.

Þú munt einfalda vinnu nemanda þíns ef þú sýnir honum hversdagslega notkun alls sem þú ert að kenna.

John Amos Comenius



2) Útiskóli



Nýlegar rannsóknir sýna hversu mikilvægt það er fyrir börn að vera úti og læra í náttúrulegu umhverfi. Á Íslandi skiptir veðrið miklu máli því að það getur breyst mjög hratt því krefst gerð námsmarkmiða sveigjanleika. Litið er á ófyrirsjáanleika veðurs sem kost og tekist er á við hverja tegund veðurs á ákveðinn hátt. Til dæmis er frábært að leika sér í rigningunni til að ná í vatn, snjór er notaður sem byggingarefni og þegar sólin skín er hægt að byggja skýli úr náttúrulegum efnum.

Með því að vinna utandyra í allskonar veðri læra börn að sjálfsögðu að vera sveigjanleg, takast á við þarfir sínar við ýmsar aðstæður og vera sjálfstæð í að hugsa um sig og vini sína í hópnum. Þau verða einfaldlega að bregðast við utanaðkomandi áreiti eins og raka, hita, vind og snjó. Að vinna í hópi við slíkar aðstæður leiðir ósjálfrátt til þess að þau vinni saman, virði og styðji hvort annað, sem eru þættir í lýðræðissamfélagi.



Í útiskóla læra börn með því að vinna með raunverulega hluti. Til dæmis festir það þekkinguna betur í sessi og er áhrifaríkara að læra rúmfræði utandyra en bara að reikna flatar- og rúmmál í stærðfræði bókum. Við getum rannsakað fugla á myndum með því að skoða kennslubækur, en þegar við förum út getum við séð þá í náttúrulegu umhverfi sínu og fylgst með hegðun þeirra. Við ferðumst til sögulegra eða annarra merkra staða þar sem börn geta öðlast betri skilning á atburðum sem hafa gerst eða eru að fara að gerast.

Það er ótrúlegt að sjá börnin verða virkari í útinámi og gæði námsferilsins aukast, ekki bara hjá einstaklingnum heldur einnig innan hópsins. Börn sem fá tækifæri að læra utandyra finna oft upp á einhverju nýju viðfangsefni til viðbótar við fyrirhugaða námsáætlun og læra því á eigin spýtur meira en bara það sem kennarinn hafði skipulagt. Óformleg nám sem þetta er mikilvægt og leiðir til þess að börn axli meiri ábyrgð á eigin þroska vegna þess að þau hafa bein áhrif á hvað þau læra. Eftir því sem börn verða virkari utandyra verða þau meira með hugann við viðfangsefnin, ánægðari og þróa með sér meira hugrekki, þrautseigju og sjálfstraust.

Lögð er áhersla á eftirfarandi námsmarkmið í námskrá útiskóla.

Tjáning og miðlun
Hlusta eftir upplýsingum og rökum í fyrirmælum
Getur tjáð sig á þann hátt sem við á og notað þann orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni
Getur gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni
Skapandi og gagnrýn hugsun
Getur gert sér grein fyrir að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta þau á skapandi hátt
Getur greint á milli staðreynda og skoðana
Getur leitað leiða til að leysa verkefni frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt
Sjálfstæði og samvinna
Getur unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á
Getur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum
Getur tekið þátt í leik og starfi í skólasamfélaginu á jákvæðan hátt
Getur tekið leiðsögn á jákvæðan hátt
Ábyrgð og mat á eigin námi
Getur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvað gera má betur í námi

3) Fræðilegur bakgrunnur

Spurning um lýðræðisleg viðhorf er tekin fyrir, meðal annarra fræða, á sviðum **stjórnmalasálfræði** (e.political psychology) og **sálfræði lýðræðis** (e.psychology of democracy). Ph Dr. Martina Klicperová-Baker CSc., Dsc. (við Institute of Psychology of the Czech Academy of Sciences, og í samstarfi við The University of San Diego) og samstarfsmenn hennar hafa stundað rannsóknir á forsendum lýðræðislegrar hegðunar. Sérstaklega skoðuðu þau félagslega-sálfræðilega tilhneingingar sem stuðla að því að einstaklingur, samfélag eða ríki hneigist í átt að lýðræði. Rannsóknir hennar tóku til úrtaks nokkur þúsund svarenda, bæði á landsvísu og á alþjóðavettvangi. Sýna niðurstöður að frá sálfræðilegu sjónarhorni eru **þrjár meginstoðir lýðræðis** (félagssálfræðileg tilhneiging til lýðræðis). Ef þessar stoðir eru virkar í samfélaginu ásamt því að íbúar landsins skilji lýðræðislegu stoðirnar og virði þær eykur það líkur þess að þjóðin ráði við vandamál og áföll í samfélaginu og haldi áfram að viðhalda lýðræðinu til lengri tíma.

Félagssálfræðileg tilhneiging til lýðræðis:

1) *Borgarlegt velsæmi og siðferði*

Þessi hópur tilhneingna inniheldur alla siðferðilega eiginleika einstaklings, svo sem almenna virðingu og traust á öðru fólki, umburðarlyndi gagnvart mismunandi þjóðerni, kynþætti eða auði, persónulega ábyrgð, heiðarleika og heilindi. Lýðræði byggist á mismunandi átökum sem stundum ögra velsæmi einstaklingsins. Í því felst bæði að uppfylla vilja meirihlutans og standa vörð um réttindi minnihlutahópa. Það að tryggja frelsi og jafnrétti fyrir alla næst ekki nema með umræðum og samningum. Þeim mun mikilvægara er í heimi fjölbreyttra skoðanna að þær séu settar fram af virðingu, heilindum og litið á þær út frá margvíslegum sjónarhornum.

2) *Borgarleg stjórnmalamenning*

Þetta hugtak vísar ekki til starfa stjórnmalamanna einhvers staðar á toppnum, utan seilingar almennra borgara. Heldur vísar það til meðvitundar um stjórnmal meðal venjulegs fólks og að hve miklu leyti það leitast við að hafa áhrif á þjóðlífið. Stjórnmal (úr gríska orðinu *polis*- borg, *politiké techné*- samfélagsumsjón) er hugtak sem vísar til ferils og aðferða við ákvarðanatöku hóps fólks með fjölbreytta hagsmuni og skoðanir. Borgarleg stjórnmalamenning felur því í sér að hve miklu leyti venjulegt fólk hefur áhuga á stjórnmalum, skilur þau og áttar sig á hvaða lög eru góð og hver ekki. Hún snýst ekki síður um hvort borgararnir virði lögin í landinu hafi grundvallar trú á lýðræði sem skynsamlegu kerfi og hvort þú sem borgir leggir þitt að mörkum til lýðræðisferilsins með einhverskonar verkefni eða vinnu, eins og persónulegri þátttöku í nærsamfélaginu.



3) Ættjarðarást

Mikilvægir þættir lýðræðis eru persónuleg ástríða, tilfinningaleg skuldbinding og skynsemi. Ef samfélagið verður upp fullt af skrifræði og of þurrt missa þegnarnir áhugan á lýðræðinu. Segja má að ættjarðarást kryddi grunn lýðræðis á margvíslegan borgara- og menningarlegan hátt. Ást á landi sínu og þakklæti fyrir allt sem verið hefur og mun verða er mikilvæg þriðja stoð lýðræðis.

Þessar þrjár stoðir eru skilgreindar af PhDr. Martina Klicperová-Baker CSc., dSc. ásamt hópi sérfræðinga hennar. Við teljum þessa þætti kjörinn grunn til að hafa áhrif á persónuleika barna í þróun lýðræðislegra viðhorfa þeirra.

Að nýta stoðirnar þrjár til að þróa lýðræðisleg viðhorf hjá börnum

Eins og fram kom í upphafi þessa bæklingis er Evrópusambandið vakandi fyrir þróun lýðræðislegra viðhorfa barna og nemenda. Það eru til margar leiðbeiningar fyrir kennara til að koma efninu inn í kennslu (til dæmis efni frá Civic Education Center, Tékklandi). Þó að efnið sé hannað á aðlaðandi hátt sýnist okkur sem svo að þau séu fyrst og fremst vitsmunalegar leiðbeiningar sem örva aðeins skynsemis hlutann í persónuleika barna.

Metnaður okkar er að setja fram einfalt heildrænt efni byggt á eftirfarandi aðferðafræði. Heildræn nálgun hefur áhrif á hugsun barna, vinnur með tilfinningar þeirra og mótar viðhorf þeirra með því að tengja viðfangsefnið sem sett er fram við tilfinningalega upplifun. Þetta þýðir að börn fá að upplifa félagslegar og sálfræðilegar forsendur lýðræðislegrar hegðunar í raunveruleikanum. Þau læra ekki reglur, þau þurfa ekki að leggja neitt á minnið, þau eru einfaldlega mótuð innan persónuleika síns. Okkur finnst rannsóknir Martinu Klicperova-Baker vera gagnlegasta sem upphafspunktur til að skilgreina ákveðna heildræna aðferðafræði.

Út frá rannsóknum Martinu Klicperova-Baker, byggjum menntun barna til lýðræðis á þremur þáttum/stoðum. Fyrir hvern þeirra höfum við sett markmið sem kennarar geta unnið smám saman að.

Hugtökin frá þessum tveimur þjóðum, Tékklandi og Íslandi, nýtum við til að tengja saman og mynda hið áþreifanlega innihald þessara þriggja þátta/stoða. Í gegnum margra ára reynslu okkar höfum við komist að því að börn geta skilið óhlutbundin hugtök sem tengjast lýðræði, siðfræði og virkari borgaravitund og þannig öðlast færni í að haga borgaralegri hegðun sinni í samræmi við það.



Meginmarkmið fræðslu til dyggða er að efla skilning barna og beina kastljósinu að innri eiginleikum persónuleikans - dyggðum. Börn læra að þekkja dyggðir í gegnum eigin reynslu og í hegðun annarra. Þau geta greint hvaða dyggð er þörf eða viðeigandi við ákveðnar félagslegar aðstæður og vita hvernig á að tengja dyggðir við jákvæða þætti í samfélaginu. Þau geta notað dyggðir eins og virðingu, næmi, sjálfsaga, hugrekki, gagnkvæmni, o.s.frv. til að haga hegðun eða athöfnum sínum til góðs fyrir aðstæðurnar sem þau eru í. Meginmarkmið útiskóla er virk þátttaka utandyra í nærsamfélaginu, sem gagnast annað hvort öllu sveitarfélaginu eða skólasamfélaginu. Hvort tveggja hefur áhrif á það hvernig börn meta hvað sé æskilegt fyrir heildina. Við leiðum þessar tvær nálganir saman og notum þær sem áþreifanlegar aðferðir til að styrkja félagslegar forsendur lýðræðis.

Það er ráðlagt að sameina eftirfarandi þætti/stoðir til að þróa lýðræðislegt viðhorf barna. Gæta jafnvægis þeirra á milli svo að enga af þeim vanti eða sé ríkjandi og á sama tíma tryggja að allar séu þær meira en bara formsatriði.

1) Markvisst starf barna um eigin siðferðilegu eiginleika

Þessi stoð byggir aðallega á hugtakinu fræðsla til dyggða. Meginmarkmið þess er eftirfarandi:

- Börn skilja að þau bera innra með sér fjöldan allan af siðferðilegum eiginleikum og þeim er frjálst að ákveða að hve miklu leiti þau noti þá í gjörðum sínum.
- Börn skilja merkingu einstakra dyggða, þekkja þær í eigin upplifun og hegðun og geta séð þær í gjörðum annarra.
- Börn skilja mikilvægi siðferðislegra eiginleika einstaklins svo að lýðræðislegt samfélag geti verið til staðar.

Svo gæti virst sem börn séu ekki fær um að skilja stór óhlutbundin orð eins og samveru, virðingu, sjálfsvirðingu, sjálfsaga, áreiðanleika, skilning, forvitni o.fl. En sú er hins vegar ekki raunin? Ef börnum er sýnd merking þessara orða í áþreifanlegum dæmum um mannlega hegðun munu þau auðveldlega skilja merkingu þeirra og jafnvel byrja að nota þau í setningum. Það sem meira er þau munu allt í einu geta sett í orð það sem er að gerast innra með þeim, í hjörtum þeirra og í hugum þeirra. Þau munu sjálf byrja að gefa innra ástandi sínu gaum og byrja að geta greint hvort þau standi frammi fyrir innri baráttu við leti og þrautseigju eða ótta þar sem þeim vantar hugrekki. Ef þau eru að upplifa það að vera stolt af einhverju sem þau hafa náð að gera, eða ef þau vilja sýna vini sínum virðingu o.s.frv.

Þegar við förum að nota nöfnin yfir dyggðir í daglegu máli munu börn auðveldlega læra þau og byrja að nota þau. Börn þurfa ítrekað að sjá og upplifa hvað það þýðir að vera gjafmildur, hegða sér af næmni, að vera sjálfsörugg, að bera virðingu fyrir öðrum, að vera hjálpsöm hvert við annað og svo mætti lengi



telja. Þegar slík tækifæri koma upp í daglegu leikskóla- eða skólstarfi grípum við þau og gerum dyggðir ljósar með orðum. Þegar eldri börn hjálpa þeim yngri að binda skóreimar án leiðbeininga okkar, kunnum við að meta hjálpsemi þeirra. Þegar börn ganga frá leikföngum án þess að vera beðin um það, þá minnum við á áreiðanleika þeirra. Þegar börn rífast um leikfang getum við sagt að þau skorti virðingu og skilning og við getum hjálpað þeim að finna hvort tveggja. Á náttúrulegan og blíðan hátt notum við orðin yfir dyggðirnar svo að börn skynji þær reglulega við mismunandi aðstæður. Við notum þau á lýsandi hátt, ekki harkalega eða á ámælisverðan hátt.

„Kennari, Honza sagði að ég væri hálfviti!“

„Og hugsar þú þannig um sjálfan þig?“

„Nei.“

„Það er ekki það sem einhver segir um þig sem er mikilvægt, heldur það sem þú hugsar um sjálfan þig. Þegar þú metur sjálfan þig og hugsar fallega hluti um þig, það er sjálfsvirðing. Ég veit að þér líkar ekki það sem Honza sagði við þig. Þú getur sagt honum að þér líki það ekki og að þú vitir að þú ert ekki hálfviti!“

Ef börn eru meðvituð um jákvæða þætti sem búa innra með þeim geta þau stuðlað að gagnkvæmri virðingu. Þau læra hvernig eigi að deila skoðunum af virðingu og siðferðilega rétta hegðun frá unga aldri. Þegar þau upplifa af eigin raun ávinninginn af siðferðilega réttri hegðun í litlum hópi, geta þau nýtt sér það og yfirfært sem fullorðið fólk í öðrum samfélagslegum aðstæðum.

DUGNAÐUR



HUGREKKI



SAMSTAÐA



Dyggðir má læra með því að iðka það góða. Rétt eins og börn læra auðveldlega að hlaupa með því að hlaupa, tala með því að tala, skrifa með því að skrifa, þannig læra þau hlýðni með því að hlýða, hófsemi með því að vera hófstillt, þolinmæði með því að vera þolinmóð. En þau þurfa einhvern til að leiða þau með orði og fordæmi. Nemendur verða því alltaf að hafa fyrir augum sér dæmi um rétt líf foreldra, hjúkrunarfræðinga, kennara og vina.

John Amos Comenius





2) Virkt borgaralíf barna

Jafnvel ung börn geta tekið virkan þátt í borgaralegu lífi. Fullorðnir þurfa bara að sýna þeim gildi slíkrar hegðunar og hvernig eigi að gera það. Við getum sýnt börnum að þau geti haft áhrif á málefni í samfélaginu. Vegna þess að börnum finnst eðlilega að heimi fullorðinna sé stjórnað af fullorðnum og það hvarflar því ekki að þeim að þau geti haft áhrif á hann líka. Það er fallett verkefni fyrir foreldra og kennara að kenna börnum á unga aldri að hugsa um afleiðingar hegðunar sinnar og sjá borgaralegar aðstæður þar sem þau geta haft áhrif.

Í upphafi er mikilvægt að hjálpa börnum í verkefnum sem snúa að borgaralegum athöfnum og kenna þeim að skipuleggja hópastarfið sitt og leysa hugsanlega vandamál. Við getum leiðbeint þeim í átt að þessum markmiðum.

- Börn skilja mikilvægi þess fyrir lýðræðislegt samfélag að vera virkur borgari.
- Börn geta þróað og eftt þátttöku sína í borgaralegu starfi í skólanum eða í nærsamfélaginu.
- Börnin þróa með sér sjálfstæði í því hvernig þau taka á málum í daglegum athöfnum.

Útiskóli inniheldur fullt af áþreifanlegum verkefnum sem tengjast daglegu lífi barna. Í náminu fara börnin út og hjálpa og styðja nærsamfélagið frá unga aldri. Með því að vinna þessi verkefni reglulega þróa þau smám saman þá hugmynd að það sé eðlilegt að gera eitthvað í þágu heildarinnar. Með hverju verkefni læra þau líka þá færni sem nauðsynleg er til að framkvæma áætlun, samvinna, undirbúningur, skipulag, framkvæmd og endurmat. Eða einfalt sett fram færni sem mun nýtast þeim á fullorðinsárum.

3) Tilfinningaleg tengsl við landið sitt

Tilfinningaleg hlið barna er tengdust þessari stoð. Má segja að aðferðafræði lýðræðislegrar menntunnar felist í þessum tveim þrepum:

1. Hún veitir börnum margvíslegar upplýsingar um mikilvæga þætti lýðræðis.
2. Hún leiðbeinir á fjölbreyttan hátt hvernig eigi að vinna úr þessum upplýsingum (skráningarblöð, umræður og þess háttar)

Þessi aðferðafræði hefur sannarlega sitt gildi en hún tekur ekki tillit til þess að börn taki tilfinningalegan þátt. Að hjarta þeirra sé með í ferlinu. Ennfremur fjallar hún almennt um lýðræði en ekki í tengslum við eitt ákveðið land t.d. heimaland barnsins. Tilfinningar hafa áhrif á upplifun barnsins á sínu eigin landi og ef börn finna fyrir tilfinningalegri tengingu við landið sitt verður það mikilvægara í þeirra augum og þörf barnsins fyrir að sinna landinu sínu verður sterkari. Ef hægt er að ná slíkri tengingu á landsvísu, getum við fylgt því eftir með því að efla tilfinningaleg tengsl við meginland Evrópu.

Markviss vinna með tilfinningar er hluti af reynslunámi sem bæði Fræðsla til dyggða og Útiskóli nota. Þess vegna munum við, í þessum hluta aðferðarfræðinnar, leggja til sérstök verkefni til að vekja ást á eigin landi.



Hagnýt verkefni

Hagnýtum verkefnum er skipt upp í þrjá hópa út frá stoðum aðferðafræðinnar. Allar lýsingar verkefnanna innihalda ígrundun sem er mikilvægur þáttur í öllu ferlinu. Ígrundunin styrkir AHA augnablik í upplifun barnanna og eykur áhrif náms. Börnin taka meira með sér, því í ígrundun hafa þau tíma til að koma upplifun sinni í orð, verða meðvituð um hana og þar af leiðandi tengja hana við hugsun sína. Í ígrundun leiðir kennari börnin til að hugsa um lýðræðislegar hugmyndir og koma með ápreifanlegar tillögur til að bæta borgaralegt líf. Ígrundun felur einnig í sér að gera samkomulag í barnahópnum sem leiðir smám saman til betri bekkjaranda, gagnkvæmrar virðingar og meiri samvirkni meðal barna í bekknum.



1) Hagnýt verkefni 1 - Meðvituð vinna barna með sitt eigið siðfræði

HEIÐARLEIKI

Verkefni: Samviska

Umhverfi: Innan dyra

Tími: 30 mínútur

Taka með: Svart karton, hvít málning, penslar, hugmyndir af letri

Kynning: Sýndu börnunum tvö blöð - hvítt og svart. „Hvort blaðið haldið þið að sýni betur slæma samvisku og hvort þeirra hreina samvisku? Hvað haldið þið, getur það svarta orðið hvítt? Hversu langan tíma ætli það taki? Við getum reynt það með málningu.“

Lýsing: Hvert barn fær eitt svart blað. Þau mega velja stærðina á því. Svo nota þau málningu til að breyta blaðinu í hvítt blað. Á meðan þau eru að vinna, þá munu þau uppgötva að þau þurfa mikið af málningu áður en þau ná að gera hvítu málninguna nógu þykk að hún hylji alveg svarta blaðið.

Börnin eru síðan beðin um að teikna mynd af fólki, sem er heiðarlegt og með hreina samvisku, í ekki alveg þurra málninguna. Þau geta til dæmis notað öfugan enda á penslunum til að teikna í málninguna. Börnin eru einnig beðin um að teikna svipbrigðin á fólkinu sem er með hreina samvisku. Að lokum, skoðum við myndirnar og drögum athygli barnanna að brosandí andlitunum sem voru teiknuð.

Hugleiðingar: Við getum hugleitt það að það er alltaf möguleiki að breyta neikvæðri samvisku aftur yfir í hreina samvisku. Að það er betra að vera heiðarlegur og leiðrétta mistök okkar, þó að við séum hrædd við að viðurkenna þau.

Önnur útfærsla: Börnin geta einnig prófað hið gagnstæða: Að breyta hvítu blaði yfir í svart blað. Þau geta borið saman hvort verkefnið var auðveldara. Þau geta teiknað mynd af fólki með neikvæða samvisku í svörtu málninguna og bera saman báðar myndirnar.

Höfundur: Martina Štolbová





ÁBYRGÐ

Verkefni: Ruslapúkinn

Umhverfi: Inni/ úti

Tími: 30 mínútur

Það sem þarf að nota: Pappír, skæri, blýantur, band/kaðall

Undirbúningur: Búa til spil sem eru með nafni einhvers konar rusls (dós, plast, flaska, krukka,...). Það þarf að gera helmingi fleiri spil en fjöldi barna er í bekknum/hópnum. Það þarf að búa til bæli ruslapúkans nálægt leiksvæðinu. Ruslapúkinn er púki sem vill vera innan um fullt af rusli. Bælið er gert með kaðli með því að gera hring sem er nógu lítill til að púkinn geti gengið í kringum hann og varið bælið sitt. Einnig þarf að vera svæði sem er "sturtan"

Kynning: Hvernig hjálpum við umhverfinu? Hvert barn skrifar/teiknar hvernig þau hjálpa umhverfinu, og hvernig þau sinna því. Yngri börn segja frá og kennari skrifar fyrir þau. Í kjölfarið eru umræður með börnunum um hvað ábyrgð þýðir í tengslum við náttúruna, hvað er ábyrg hegðun og hvað ekki. Við búum til sól, setjum ÁBYRGÐ kortið í miðjuna og limum miðana frá börnunum í kringum það svo að blöðin myndi sól.

Oft segja börn að þau hugsi um umhverfið með því að flokka ruslið sitt. Ef engum dettur þetta í hug, getum við leiðbeint þeim með spurningum sem tengjast flokkun rusls. Við getum einnig sameinað þetta verkefni við það að fara að tína rusl í kringum skólann (sjá ruslatýnslu verkefni í kafla 3). Við ræðum um það að rusl eigi ekki að vera skilið eftir í umhverfinu og hvernig við flokkum það.

Lýsing: Spilunum með nafni af einhverskonar rusli er dreift utan eða innan skólans. Börnunum er skipt í tvo hópa. Eitt barn úr hvorum hópnum hleypur út og nær í eitt spil með einhverri tegund af rusli, svo þurfa þau að flokka spilið í rétta tunnu hjá liðinu sínu. Hvort lið hefur sínar eigin flokkunartunnur og liðið sem safnar meira rusli vinnur. Kennarinn klæðir sig sem Ruslapúkinn og reynir laumulega að stela flokkaða ruslinu og tæmir í bælið sitt. Nú eru börnin ekki bara að keppa heldur líka að vinna saman og verða að ná ruslinu aftur og flokka það aftur í réttar tunnur. Ruslapúkinn er ekki með mjög góða sjón, en er með mjög gott lyktarskyn og heyrn, svo börnin þurfa að vera hljóðlát þegar þau hreyfa sig um. Ef einhver gerir snögga, hávaðasama hreyfingu getur Ruslapúkinn snert viðkomandi sem þarf þá hlaupa heim til að fara í sturtu, svo að hann lykti ekki illa (barnið fer á stað sem hefur verið ákveðin og telja upp á 10 og taka svo aftur þátt í leiknum). Kennarinn leyfir börnunum smátt og smátt að tína saman ruslið úr hringnum og þau sigra Ruslapúkann.

Hugleiðingar: Ræða saman um hvernig við getum hjálpað umhverfinu með því að tína upp rusl og þegar þau sjá það t.d. í gönguferðum með fjölskyldunni.

Höfundur: Pavla Přibyllová





VIRÐING

Verkefni: Myndir úr skóginum

Umhverfi: Skógur

Tími: 40 mínútur

Það sem þarf að nota: Náttúrulegt efni úr skóginum, stóra litríka klúta, bjöllu

Undirbúningur: Settu þrjá litríka klúta á jörðina sem vinnusvæði fyrir hópana. Hafðu nokkra metra á milli klúta.

Kynning: Við hvetjum börnin til að leita að fallegum smáatriðum í náttúrunni. Dæmi: „*Náttúran getur búið til fallega hluti. Sjáið þessa rót hér, hvernig hún er beygð og snúin í form eins og skál eða diskur. Athugið hvort þið getið fundið eitthvað fallegt smáatriði hér í skóginum*“. Hvert barn finnur einn lítinn hlut og þau sýna hvort öðru hlutinn. „*hvert og eitt ykkar getur gert fallegar myndir úr náttúrulegum hlutum. Eigum við ekki að láta á það reyna?*“

Lýsing: Börnum er skipt í hópa þrjú börn í hóp (ef hópurinn er fleiri en 9 börn þarf fleiri klúta) Hvert barn finnur tíu köngla. Börnunum er skipt upp í þriggja manna hópa. Hver hópur sest fyrir framan einn klút og er beðinn um að búa til mynd af könglunum, án þess að tala, með því að skiptast á setja köngla á klútinn. Könglarnir geta ekki legið einir og sér, þeir þurfa að snertast. Fyrsti af þremur leggur köngul á klútinn, næsta setur köngul við hliðina á þeim sem var kominn, það þriðja gerir svo það sama. Þau skiptast á að gera þetta þangað til þau eru ekki með fleiri köngla. Þá biðjum við börnin að koma saman í hring og spyrjum þau hvernig gekk að virða það hvernig hinir í hópnum völdu að breyta myndinni með sínum könglum. Var það erfitt eða auðvelt? Ef einhver verður æstur, róaðu hann/hana og útskýrðu hvernig virðing virkar.

Næst safna allir tíu greinum, og hóparnir færast yfir á nýjan klút. Í annarri umferð, raða þau greinunum á sama hátt, en þau vinna með mynd frá öðrum hóp. Greinarnar verða annaðhvort að snerta aðra grein eða köngul, þær geta ekki legið einar og sér á klútunum. Í lok þessarar umferðar er aftur myndaður hringur og rætt um hvað virðing er.

Í þriðju umferð skipta þau aftur um klút og vinna með tíu steina (eða hvað sem þau geta fundið í skóginum). Að lokum koma hóparnir saman við upprunalegu myndina sína og sjá hvernig hinir hóparnir hafa klárað myndina. Hver hópur gefur myndinni sinni nafn og síðan kynnrir hver hópur sína mynd fyrir hinum hópunum.

Hugleiðingar: Nemendur og kennarar setjast í hring, kennari sýnir VIRÐING spjaldið. Tala saman um hvar þurfum við að nota virðingu í verkefninu, hvar finnum fyrir henni í líkamanum okkar, ef það er erfitt og hvers vegna. Búa til lista í sameiningu um hvernig við sýnum virðingu í skólstofunni.

Höfundur: Jana Haková





STOLT

Verkefni: Fjallið byggt upp af árangri - árangurs fjallið

Umhverfi: Hvar sem er

Tími: 20 mínútur (er í gangi yfir veturinn)



Það sem þarf: Pappír, litir, myndir af stórum gimsteinum.

Kynning: Við höfum öll áorkað einhverju í lífinu og höfum öll einhverja hæfileika. Við getum ímyndað okkur að þessir þættir séu fallegir steinar, gimsteinar. Skoðið myndir af gimsteinum með börnunum. Hver og einn af þessum gimsteinum eru nú þegar í lífi okkar, þeir tilheyra okkur og eru hluti af árangurs fjallinu okkar. Öll okkar eigum við okkar eigið fjall af árangri og sigurum.

Lýsing: Börnin byrja á að teikna útlínu fyrir fjall. Þau teikna sig upp á toppi fjallsins. Síðan nota þau mismunandi liti til að teikna gimsteina af afrekum þeirra, ásamt lýsingu (hlutir sem þau vita, hlutir sem þau hafa afrekað, hlutir sem þau eru góð í). Fjallið ætti ekki að vera fullt, það ætti að vera pláss fyrir fleiri gimsteina. Fjöllin eru merkt og hengd upp í skólastofunni. Börnin bæta við þau yfir veturinn. Í lok vetrarins, getur fjallið verið hluti af sjálfsmati barnanna.

Hugleiðingar: Sitjið í hring, spjallið um dyggðakortið STOLT. Hvernig líður drengnum á myndinni með þann árangur að klífa fjallið? Hvernig líður þér þegar þú nærð að klára eitthvað? Hvar birtist þessi góða tilfinning í líkama þínum? Nefnið atriði sem við getum verið stolt af. Með yngri börnum geta þau teiknað inn í gimsteinana eða kennari hjálpað þeim að skrifa.

Höfundur: Jana Haková





HEIÐARLEIKI

Verkefni: Heiðarleika Hlaupið

Umhverfi: Utandyra

Tími: 40 mínútur

Það sem þarf: Teningar, plast diskar, 5 kaðlar, flauta

Undirbúningur: Finna stórt svæði, leggja fimm kaðla samsíða hverjum öðrum með 10 metra millibili. Böndin við endana eru rásmark og endamark.

Kynning: Hvert barn fær einn tening og plastdisk. Setjist í hring og byrjið kapphlaupið með því að kasta teningnum og sjá hver fær töluna sex fyrst. Börnin eiga að kasta teningnum á diskinn sinn og sá sem fær sex, stendur upp. Þegar öll börnin eru standandi, spjallið saman um það hvað það getur verið erfitt stundum að vera síðastur þegar allir hinir hafa klárað, og við náum ennþá ekki að klára. Það er við þessar aðstæður sem við erum líklegust til að fara að svindla smá svo að við náum að klára líka. Þá er það á okkar valdi að velja hvort við ætlum að vera heiðarleg og fylgja reglunum eða ekki og ná að klára með því að svindla. Svo skulum við bjóða börnunum upp á að taka þátt í kapphlaupi sem mun reyna að heiðarleika þeirra.

Lýsing: Börnin byrja með því að standa hlið við hlið með teningnum og plast diskinn við fyrsta kaðalinn. Þega hlaupið byrjar þurfa börnin að kasta teningnum þangað til þau fá slétta tölu (yngri börn 1,2,3). Ef þau fá slétta tölu geta þau hlaupið að næsta kaðli. Þar kasta þau teningnum bara einu sinni. Ef þau fá slétta tölu aftur þá geta þau fært sig á næsta kaðal. Þar kasta þau aftur teningnum bara einu sinni, ef þau fá aftur slétta tölu geta þau fært sig að þriðja kaðlinum, ef þau fá oddatölu, verða þau að fara til baka að fyrri kaðli og kasta aftur þar. Þau fara alltaf áfram við slétta tölu og fara alltaf til baka við oddatölu. Við fyrsta kaðalinn geta þau kastað oft þangað til þau fá slétta tölu. Við hina kaðlana kasta þau bara einu sinni. Við fimmta og síðasta kaðalinn verða þau að fá slétta tölu til að klára hlaupið. Sigurvegarinn er sem nær að klára fyrst við fimmta kaðalinn. Við spilum þangað til að fyrstu þrír hafa klárað hlaupið, þá er leikurinn búinn.

Hugleiðingar: Setjist í hring með börnunum, setjið skál með hvítum og svörtum/dökkum baunum í miðjuna. Bjóðið börnunum að taka tvær baunir, eina af hvorum lit. Láttu svo dökkan strigapoka ganga milli barnanna með þessum skilaboðum: „Svarið nú fyrir ykkur sjálf hvort þið voruð heiðarleg í leiknum eða ekki. Ef þið voruð heiðarleg og svindluðu ekki megið þið setja hvíta baun í pokann. Ef þið voruð ekki heiðarleg setjið þið dökka baun í pokann. Baunina sem þið settuð ekki í pokan skuluð þið setja í vasann og henda svo seinna í grasið. Engin mun vita hver setti hvaða baun í pokann. Nú skulum við öll vera heiðarleg.“ Látið pokann ganga á milli barnanna og þau setja baunirnar í pokann. Þegar pokinn kemur aftur til kennarans, hellum við innihaldi pokans á disk. Teljið svo baunirnar, hverjar eru niðurstöðurnar. „Hvert okkar hefur möguleikann til að vera heiðarlegt. Hér sjáum við niðurstöðurnar - hvaða ákvarðanir við tókum í leiknum.“ Veldu næstu spurningu út frá því hvornig liturinn á baununum eru sem komu úr pokanum, eru á diskinum.

Höfundur: óþekktur / breytt af Jana Haková





TRAUST, ÁBYRGÐ

Verkefni: Skarpskyggni - ráðasnilli

Umhverfi: Utandyra

Tími: 40 mínútur

Það sem þarf: Klúta, skeiðklukku, pappír, blýant, safu/djús, litlar flöskur

Undirbúningur: Finnið svæði fyrir leikinn sem er stórt og frekar flatt (til dæmis leikvöll eða tún) svo að börnin verði að hlaupa lengra í leiknum.

Kynning: Segið börnunum söguna af óþekka galdrakarlinum. „*Einu sinni var vondur galdrakall sem kom í konungsríkið. Hann laumaðist um borgina og blindaði og lamaði alla sem hann hitti með svörtu göldrunum sínum. Fólkið í borginni varð næstum því hrætt að yfirgefa heimili sín, af því að það voru ekki margir eftir sem voru ekki undir álögum frá vonda galdrakarlinum. En hugrökku íbúarnir uppgötvuðu að góður álfur byggði í skóginum sem gat búið til seiði sem virkaði sem móteitur. Svo hinir hugrökku, skynsömu og öfluglu þorpsbúar ákváðu að bjarga ástvinum og nágrönnum sínum og lögðu af stað með þeim til að ná í töfradrykkinn sem var þeirra eina von til að losna frá galdrakarlinum. Þau þurftu að flýta sér, þau höfðu ekki mikinn tíma!*“

Lýsing: Skiptu börnunum upp í hópa af þorpsbúum. Þrjú börn í hverju hóp - eitt heilbriggt og tvö eru veik. Útskýra eftirfarandi reglur fyrir börnunum:

- Öll þrjú börnin þurfa að ganga saman til álfsins til að ná í græðandi drykkinn á sem stystum tíma.
- Bara eitt af þeim má sjá og hin tvö eru með bundið fyrir augun. Börnin standa hlið við hlið, það sem er í miðjunni getur séð, hin eru með bundið fyrir augun.
- Börnin sem standa hlið við hlið eru með fætur bundna saman, svo að börnin sem eru bæði hægra og vinstra megin eru bundin við barnið sem er í miðjunni.
- Þau sem eru með bundið fyrir augun mega ekki tala meðan þau eru að ferðast til álfsins. Þau eru undir álögum vonda galdrakarlsins og geta ekki talað.

Börnunum er gefin smá tími til að skipuleggja sig. Meðan það á sér stað sjá allir og mega tala. Þau eiga að velja þann sem þeim finnst ráðasnjallastur og ákveða í sameiningu hvernig þau ætla að halda áfram og tala saman.

Hóparnir raða sér upp við upphafslínu, binda fætur sína saman og allir nema hinn ráðsnjalli eru með bundið fyrir augun. Þegar leikurinn byrjar ganga hóparnir að endalínu þar sem álfurinn situr. Álfurinn gefur þeim blindu töfradrykk (djús í fernu/flösku), þegar þau hafa drukkið eru þau læknuð og geta tekið af sér böndin um augun og fæturnar. Þá getur allur heilbrigði hópurinn hlaupið aftur í þorpið. Skriði niður tímann þegar þau koma til baka. Leikurinn er ekki keppni milli liða heldur berum við saman tímann af öllum tilraunum sama hóps svo að börnin sjá framfarir sínar. Ef við hvetjum börnin munu þau njóta þess að finna út hvernig hægt er að samræma betur og gera hreyfinguna hraðari í næstu tilraun.

Önnur útfærsla: Til að gera leikinn auðveldari fyrir yngri börn, þá á ekki að binda fæturnar saman heldur láta þau einfaldlega leiðast eða krækja saman höndunum.

Hugleiðingar: Var það erfitt að treysta vini og treysta á þá þegar þið voruð með bundið fyrir augun? Hvaða hlutverk var skemmtilegast? Við hvaða aðstæður í lífinu þurfum við að treysta öðrum 100%? eru til aðstæður í þínu lífi þar sem þú berð ábyrgð á einhverjum? Hvaða aðstæður eru það? Hverjum berð þú ábyrgð á?

Höfundur: Pavla Přibyllová



EINSTAKLEIKI

Verkefni: Auð minnikort/spil

Umhverfi: Inni

Tími: 2 x 30 mínútur

Það sem þarf: Vatnslitir, auð minnikort/spil, skál með smásteinum

Lýsing: Hvert barn býr til tvö eins minnisþil (eða nokkur þör) byggt á hugmynd sem fangar sérstöðu þeirra (til dæmis uppáhalds leikfangið mitt, draumar mínir, fjölskyldan mín, velgengni mín, framtíðarstarf mitt og svo framvegis). Eftir að þau eru búin að teikna, setjið þá EINSTAKLEIKA kortið í miðjuna á hringnum og látið börnin setja sín spil kringum það. Útskýrðu hvað einstakleiki er eða merkir og spurðu þau hvernig einstakleiki er til góðs fyrir hópinn.

Svo spilið þið minnisþil með spilunum en bætið við einni reglu - ef þau fá samstæðu og ef þau geta tengt spilið við þann sem teiknaði það og hvað það merkir, fá þau smástein. Í lok leiksins ertu með tvo sigurvegara. Þann sem er með flestar samstæður og þann sem er með mest af smásteinum.

Hugleiðingar: Eftir leikinn getum við rifjað upp hvað hvert barn man um hin. Fyrir eldri börn, getum við bætt við smá áskorun - veldu ákveðinn eiginleika frá einum af bekkjarfélögum þínum og komdu með spurningu fyrir þá sem hjálpar þér að læra meira um þá, til dæmis: „Hversu gamall er youtuber bróðir þinn? Af hverju viltu verða söngvari?“

Höfundur: Jana Haková





BLÍÐA

Verkefni: Hlýlegar setningar

Umhverfi: Innan/utandyra

Tími: 40 mínútur

Það sem þarf: Pappír, blýantur, búningur fyrir sáttasemjara, gleraugu, áfengislaust kampavín (eða sóðavatn með smá djúsi) A3 teikniblokk, merkipenni.

Undirbúningur: Skrifaðu nokkur dæmi um óvingjarnlegar eða kaldranalega setningar sem þú heyrir stundum í skólastofunni eða barnanna á milli í stóra skissubók eða á karton.

Kynning: Mættu í skólastofuna í formlega klæddur eins og þú værir sáttasemjari. „*Góðan daginn, kæru börn. Ég er sáttasemjari. Ég passa upp á að fólk geti átt góð samskipti við hvort annað. Við reynum að kenna öðrum að tala saman svo að þeir móðgi ekki hver annan og geti átt góða stundir saman. Ég kom hingað í dag til að gera smá könnun og sjá hvort að einhvert ykkar hafi hæfileika til að verða sáttasemjari. Svo að ég hef undirbúið smá spurningakeppni fyrir ykkur*“.

Sáttasemji: milligöngumaður í erfiðum málum.

Lýsing: Skiptu börnunum upp í þriggja manna hópa og dreifðu blöðum með óvingjarnlegum setningum til þeirra. Til dæmis: *Ekki gera það, hálfvitinn þinn! Farðu út! Láttu mig fá þetta, ég á það! Ég var með þetta fyrst!* Börnin eru beðin um að finna jákvæða setningu fyrir þessar setningar. Varðveita þarf upprunalegu merkingu setninganna í nýju setningunum, en ætti að koma fram með vingjarnlegri orðum. Fyrir yngri börn notum við ekki setningar sem eru skrifaðar niður á blað heldur gefum við hverjum hóp eina setningu sem þau geta munað og fært yfir á gott/fallegt mál. Þegar börnin eru tilbúin skaltu lesa nýju setninguna. Sáttasemjarinn les fyrst upprunalegu neikvæðu setninguna og síðan lesa allir hópar nýju setninguna sína. Gefðu umsögn um nýju setningarnar í hlutverki sáttasemjara. Þú gæti gefið heiðurinn til þeirra sem við teljum að sé best orðuð en greindu nákvæmlega frá því fyrir hvað þú er að hrósa hópnum fyrir. Þegar hefur verið farið yfir allar setningarnar, þá þakkar þú öllum fyrir vinnuna eins og venja er þegar erfið mál leysast, og síðan er skálað í kampavíni fyrir velgengi fundarins.

Hugleiðingar: Spjallið eftir á við börnin um hvernig góðvild umbreytir mannlegum samskiptum. Veljið óvinsamlegu setningarnar og ákveðið að skipta þeim út fyrir þær hlýlegu og hengið þær upp í skólastofunni.

Höfundur: Jana Haková

2) Hagnýt verkefni II – Virkt borgaralíf barna

ÁREIÐANLEIKI

Verkefni: Sjónrænar gátur/prautir

Umhverfi: Innan/utandyra

Tími: Verkefni sem getur verið í gangi yfir veturinn.

Það sem þar: Pappír, litir, myndir af stöðum

Kynning: Sýndu börnunum myndir af vanræktum stöðum í landinu/sveitarfélaginu okkar. Spurðu þau hvort þau myndu vilja búa á slíkum stað og ræddu við þau um hvernig eigi að sjá um sameiginleg svæði - hvernig á að sinna þeim, af hverjum og af hverju. Þjóddu börnunum að fara í göngutúr í skólanum eða eftir skóla um nærumhverfið og finna svæði sem ekki er verið að sinna, skoðið staðinn vel, takið eftir því sem er í kring- hús, vegir, tré, strætóstopp, verslun og svo framvegis.

Lýsing: Börnin teikna grunnmynd af svæðinu sem þau hafa fundið, þegar þau eru í skólanum. Þau skrá einnig nöfn verslana og götunafna í kring. Ef þau eru ekki viss geta þau klárað verkefnið í næstu kennslustund til að fá tíma til að skoða staðinn aftur. Skoðið myndirnar í sameiningu, eina í einu, og reynið að bera kennsl á staðsetninguna. Ef börnin eru óviss getur höfundur myndarinnar aðstoðað. Þegar þú hefur séð allar myndirnar skaltu finna hugmyndir með börnunum, hvað hægt væri að gera fyrir þessa staði? Í sameiningu skulu þið ákveða hvaða stað þið viljið hjálpa og hvernig. Búið til áætlun sem þú þarft að undirbúa (efni, föt, verkfæri). Þegar þið eruð tilbúin skulu þið fara á valda staðinn á ákveðnum degi og vinna saman.

Hugleiðingar: Eftir vinnudaginn, talið um borgaralega ábyrgð. Hvers vegna er hún mikilvæg? Hvenær eigum við að byrja að taka ábyrgð? Viljum við hjálpa öðrum stað/svæði? Hverjum öðrum getum við boðið að vera með í næsta verkefni?

Höfundur: Veronika Žáková





UMHYGGJUSEMI

Verkefni: Búa til fuglafóður, fuglaskoðun

Umhverfi: Innan/utandyra

Tími: Verkefni sem er í gangi yfir veturinn

Það sem þarf: Klósettpappírsrúllur, mjólkurfernur, fuglafóður, band, myndavél, grænmetisfita.

Kynning: Ræðið saman um fugla sem eyða löngum vetrum á Íslandi (eins og spörfuglar og hrafnar). Sýnið þeim myndir af þeim í snævi þöktu landslaginu. Hvaða breytingar sjáum við í náttúrunni yfir veturinn? Hjálpa börnin við að gefa fuglunum að borða yfir veturinn, heima? Hvernig getum við hjálpað þeim að lifa af veturinn?

Lýsing: Í fyrstu skaltu spjalla við börnin um það hvernig fóðrara við getum búið til úr klósettrúllum og mjólkurfernum. Við getum gert nokkur sýnishorn. Leyfið börnunum að velja hvers konar fóðrara þau vilja búa til. Börnin klippa svo út glugga í mjólkurfernu eða á rúlluna, festa bandið vel, blanda fóðrið við fituna og fyllið fóðrarana. Hvert barn mælir hversu þung fóðurblandan er í fóðaranum.

Í öðrum hluta verkefnisins farið þið út og leyfið börnunum að hengja fuglafóðrarann sinn upp í tré. Börnin taka mynd af staðnum sínum og vista hana í skóla tölvunni. Næstu daga fara þau reglulega að sínum fóðrara og taka mynd, og fylgjast með fóðrinu hverfa. Þau fylla svo á og mæla hversu miklu af fuglafóðri þau bættu við. Við getum fylgst með úr fjarska og tekið myndir þegar fuglar fara að fá sér að borða. Fyrir hvern fugl sem við sjáum fá sér að borða, getum við bætt við upplýsingum - til dæmis, hversu mikið fuglarnir borða að meðaltali á dag, hvað fuglategundir koma og borða, hvenær þeir verpa, hvenær ungarnir koma úr eggjunum,....

Börnin búa til tíma-seríu úr myndunum sem þau hafa prentað út og sýna í skólastofunni á vorin. Þau bæta við nöfnum fuglanna sem þau sáu yfir veturinn og hversu mikið af fuglafóðri þau settu í fóðrarana.

Hugleiðingar: Sitjið í hring, hvert barn telur hversu marga fugla það hefur fóðrað á meðan verkefnið var í gangi og setur jafn marga liti fyrir framan sig. Teljið alla litina í hringnum og talið um áhrifin sem bekkurinn/hópurinn hefur haft á vistkerfi staðarins. Ræðið um það hvað umhyggjusemi merkir og hvar annarstaðar getum við notað eða sýnt hana í samfélaginu okkar.

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni





DUGNAÐUR, SAMSTAÐA

Verkefni: Vinnudagur nálægt skólanum, á skólalóð

Umhverfi: Utandyra

Tími: 6 klukkustundir

Það sem þarf: Verkfæri til að vinna í garðinum eða skóginum - hrífur, skóflur, spaða, vatnsslöngur, sagir, hjólbörur, greinaklippur, hanska, myndavél, myndbandsupptökuvél, Dróna ef möguleiki er á, stór karton, lítil blöð og merkipenna.

Undirbúningur: Búið til stór skráningarblöð fyrir hvert verkefni. Segja til um hvert verkefnið er, hvaða hráefni þarf og hversu marga einstaklinga þarf í það verkefni. Búið til lítil blöð/merkimiða fyrir nöfn.

Kynning: Ræðið við börnin um markmiðin sem við settum í byrjun vetrar sem við ætlum að vinna að saman. Eitt að markmiðunum var að bæta umhverfið sem við eyðum miklum tíma í. Með aðstoð foreldra getum við afrekað miklu meira. Sýnið kortið SAMSTAÐA og DUGNAÐUR og talið um það hvað þau sjá á myndunum og hvernig þessar myndir líkjast þeirri vinnu sem við ætlum að gera með foreldrum.



Lýsing: Á vinnudeginum, setjið skráningarblöðin á sýnilegan stað. Hver þátttakandi skráir nafnið sitt á merkimiða, velur hvaða verkefni hann vill vinna við fyrst og límir merkimiða á blaðið. Þá er nemendum og foreldrum raðað sýnilega upp í vinnuhópa eftir þeirra óskum og ekkert verkefni verður



óklárað. Það er mikilvægt að hafa tvo starfsmenn við hvert verkefni. Hver hópur er á stöð í 60 mínútur, þá færa allir merkimiða sína yfir á aðra stöð.

Hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna á skólalóðinni: Hugsa um gróðurinn, raka, klippa trjágreinar, sópa stéttar, byggja eldstæði, byggja pödduhótel, mála leiki á stéttar, mála bekki, byggja skúr, og svo framvegis.

Að vera með vinnudag með foreldrum er ákveðin áskorun fyrir alla. Börnin eru spennt að sýna foreldrum sínum hvað þau kunna og geta. Foreldrar eru fyrirmyndir og geta geta verið frábærir hvatar fyrir börnin. Í lok dags eru allir ánægðir þegar þeir sjá hversu mikla vinnu þeir hafa gert yfir daginn, hvað þau hafa byggt og hvernig þau eru búin að bæta skólaumhverfið.

Ásamt vinnuhópum, er möguleiki að gera hóp af börnum sem eru fréttamenn, sem taka myndir og viðtöl yfir daginn og skila inn frétt sem hægt er að birta á heimasíðu, fréttablaði skólans eða sveitarfélags, búa til video og margt fleira.

Hugleiðingar: Daginn eftir er gott að ræða við börnin. Setjið kortið SAMSTAÐA inn í miðjan hringinn. Hvernig nýttum við samstöðu við vinnuna í gær? Leggið svo hitt kortið inn í hringinn- DUGNAÐUR. Hvernig hjálpa þessar tvær dyggðir fólki að bæta staðin þar sem það býr? Hvar hefur þú séð samstöðu meðal fólks í samfélaginu okkar? Hvar hefur þú séð dugnað? Hvernig getum við stuðlað að því að gera þessar dyggðir meira til staðar í samfélaginu okkar og virkja aðra til að taka þátt?

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni





UMHYGGJUSEMI, PRAUTSEIGJA

Verkefni: Fuglaskoðun

Umhverfi: Úti

Tími: Reglulega

Það sem þarf: Professional kíkir, minnis blokk, blýant, tölvu

Lýsing: Sem hluti af námskrá útiskóla förum við út með börnunum og fylgjumst með fuglum sem búa í nærumhverfi skólans með sjónauka. Börnin halda skrá yfir þær tegundir og fjölda sem þau sjá. Í þessu verkefni fylgir með okkur starfsmaður Fugla Fræðaseturs sem fræðir okkur frekar um fuglana.

Hugleiðing: Ræðið eftirfarandi spurningar með börnunum - Hvers vegna er það mikilvægt að hugsa um vistkerfi náttúrunnar á staðnum sem við búum á? Hvað getum við gert til að sinna því? Skrifðu svarið við spurningu tvö á stórt blað. Eftir hugleiðingarnar, lesið upp allar hugmyndirnar saman og látið nemendur merkja við með penna eða límmiða það verkefni sem þau myndu vilja framkvæma með bekknum. Út frá niðurstöðum búið til áætlun með nemendum um það hvernig þið gætuð hugsað um nærumhverfið.

Til athugunar: Fuglaskoðun er ekki eitthvað sem við gerum einu sinni. Skólinn er búinn að vera þátttakandi í fuglaskoðun í nokkur ár. Einnig er fylgst með fuglum með því að setja hringi á þá í samvinnu við Fuglafræðaseturs. Það þýðir að við vitum nákvæmlega hversu lengi það tekur þá að koma til baka; ef ákveðnir fuglar koma fyrr eða seinna þetta árið; hversu langt er hreiðurtímabilið, og svo framvegis. Við höldum úti nákvæmri skráningu um alla okkar vinnu, sem við gerum stafræna og deilum með fuglafræðastöðinni á staðnum. Þannig söfnum við gögnum sem eru ekki bara mikils virði fyrir börnin heldur líka fyrir miðstöðina, sem dregur ályktanir um staðbundnar loftslagsbreytingar út frá niðurstöðum fuglaskoðunarinnar.

Mikilvægur hluti verkefnisins er að fylgjast með og bera saman gögn frá fyrri árum. Þetta gerir börnunum kleift að sjá muninn frá einu ári til annars.

Börnunum finnst þetta verkefni mjög skemmtilegt. Þeim finnst sérstaklega gaman að ná fuglum og setja hringi á þá sem er verkefni sem krefst nálgunar af umhyggju svo að fuglarnir verði ekki fyrir skaða og geti haldið áfram að lifa frjálst eftir íhlutun manna. Verkefnið er rammað inn af tveimur dyggðum - PRAUTSEIGJA og UMHYGGJA. Myndir af báðum dyggðum eru inn í skólastofunni hliðin á myndum af fuglum sem við höfum verið að fylgjast með.

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni





PRAUTSEIGJA, ÁBYRGÐ

Verkefni: Bílatalning

Umhverfi: Úti

Tími: Reglulega, einu sinni í mánuði.

Það sem þarf: Minnisblokkir, blýanta, tölvu

Kynning: Mörghundruð farartæki keyra í gegnum Laugarvatn hvern dag, það er vegna þess að Laugarvatn er staðsett í Gullna hringnum einni vinsælustu ferðamanna leið á Íslandi. Með því að fylgjast með og skrá niður umferðina, getum við safnað saman áhugaverðum Tölfræðilegum upplýsingum um umferð í gegnum þorpið..



Lýsing: Við fylgjumst með úr öruggri fjarlægð, nálægt hraðahindrun til að tryggja að ökumenn séu á hæfilegum hraða til að gefa okkur nægan tíma til að skrá allar upplýsingar. Þetta verkefni er hægt að þróa frekar með því að bera saman tölfræðina við niðurstöður úr veðurmælistöð á svæðinu til að sjá hvort að þessi mikla umferð hefur áhrif á loftmengun við mismunandi veðurfar. Dæmi um upplýsingar sem safnað er: litur á bíl, gerð bíls, fjöldi bíla o.s.frv.

Börnunum finnst þetta verkefni skemmtilegt vegna þess að bílstjórnarnir heilsa oft börnunum með því að flauta og veifa þeim. Verkefnið er auðvelt að tengja við PRAUTSEIGJU, vegna þess að eftirlitið þarf að vera reglulega og yfir allan veturinn eða lengur, og ÁBYRGÐ, vegna þess að tölfræðin þarf að vera nákvæm.

Hugleiðingar: Hugleiðingar geta farið fram í lok hvers dags eða í lok ákveðins tímabil sem var ætlað að skoða. Við ræðum við börnin hvernig hvati þeirra til að telja bíla breyttist yfir tímabilið. Við fáum þau til að hugsa um það hversu erfitt það getur stundum verið að hjálpa samfélaginu og það þarfnast þrautseigju. Hvað fékk þau til að vinna verkefnið vel/ af ábyrgð, jafnvel þegar þau voru ekki í stuði þann dag? Hvað fær okkur til að þróa áfram í þeim verkefnum sem við höfum ekki gaman af lengur?

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni



ÁBYRGÐ

Verkefni: Safna rusli í nærumhverfi skólans

Umhverfi: Úti

Tími: 90 mínútur

Það sem þarf: Ruslapoka, hanska, myndir af rusli í náttúrunni og jafnvel ruslatínur.

Kynning: Skoðið myndir með börnunum af rusli sem hefur fundist í náttúrunni. Ræðum um það hvernig umhverfið tekst á við þessar aðstæður, hvernig plöntur vaxa, og dýr lifa. Reynið að ímynda ykkur hver gerir þetta við umhverfið, hendir rusli hvar sem er. Hver er ábyrgð þessarar persónu í garð náttúrunnar?

Lýsing: Farið með börnin út að tína rusl í kringum skólann og gera eitthvað jákvætt fyrir umhverfið. Með því að sýna fordæmi, kennum við börnunum að allt þetta litla skiptir máli og að hvert og eitt okkar getur stuðlað að sameiginlegu markmiði um hreinni plánetu. Við hvetjum börnin til að hugsa um umhverfið sem þau eru í alla daga. Með því að gera það, virkjum við núvitund þeirra og jákvætt viðhorf þeirra til umhverfisins og sýnum þeim hversu mikilvægt er að hvert og eitt þeirra hugsi um jörðina.

Verkefnið er hægt að vinna á Degi jarðar sem er 22. apríl, eða við getum verið virk á Stóra plockk deginum sem er haldinn ár hvert.

Hugleiðingar: Sýnið börnunum kortið ÁBYRGÐ og talið um það hvað er að bera ábyrgð á og hugsa um stað sem við búum á - halda honum hreinum, lausan við rusl, öruggan, aðlaðandi fyrir gesti; annast þróun hans og hvernig hægt er að nýta hann sem best.

Höfundur: Pavla Přibyllová





HJÁLPSEMI

Verkefni: Tónlistarviðburður á heimili eldri borgara/elliheimili

Umhverfi: Elliheimili

Tími: 3 x 60 mínútur

Það sem þarf: Hljóðfæri, leikmunir fyrir lögin, litlar gjafir handa eldri borgurinum

Undirbúningur: Biðjið börnin um að koma með myndir af forfeðrum sínum að heiman, að minnsta kosti tvær myndir af sama einstaklingnum - eina barnamynd eða þegar þau voru ung, og eina þegar þau voru eldri. Skipuleggið heimsókn á elliheimili eða félagsheimili eldri borgara.

Kynning: Skoðið myndirnar sem börnin koma með og ræðið munin á því hvernig einstaklingurinn lítur út eftir aldri. Leyfið börnunum að skoða sínar eigin hendur og ímynda sér að einn daginn muna þau verða gömul og hrukkótt. Ræðið um alla þá þætti sem gera fullorðna manneskju fallega - rólega, góða, vitra, geta gefið ráð og svo framvegis.

Lýsing: Undirbúið 45-60 mínútna tónlistarviðburð með börnunum. Æfið sönginn og undirspilið. Sum lögin er hægt að flytja í búningum eða með grímur. Búið til litlar gjafir fyrir eldri borgarana með börnunum.

Á viðburðinum kynnið þið hvert lag með titli eða áhugaverðri staðreynd um lagið. Krakkarnir syngja og spila undir (bjöllur, ukulele, þríhyrningur, hristur....). Í lokin færa börnin eldri borgurinum gjafirnar sem þau eru búin að búa til og pakka inn handa þeim - rúgbrauð, falleg kort eða myndir.

Hugleiðing: Spjallið saman eftir á um það hvernig þeim finnst viðburðurinn hafa gengið. Þjóðið börnunum að nefna hvaða tilfinningar þau halda að hafi vaknað hjá eldri borgurinum þegar börnin voru að syngja og spila. Setjið kortið HJÁLPSEMI í miðjuna á hringnum og spyrjið þau hvernig þetta kort tengist frammistöðu okkar. Hvers vegna er hjálpsemi mikilvæg í lífinu? Hver sýnir þér hjálpsemi? Hverjum hjálpar þú? Er hægt að læra að vera hjálplegur? Hvað gerir einstakling hjálpsaman?

Höfundur: Pavla Přibyllová





ÁBYRGÐ, UMHYGGJUSEMI

Verkefni: Verndarar

Umhverfi: Úti

Tími: 90 mínútur

Það sem þarf: Fer eftir hvernig verkefni - hanskar, vinnuföt, spaðar, hrífur.

Undirbúningur: Dobromysl Forest Community School í Prag tók þátt í Patronates project (verndara verkefnið) árið 2022. Í verndara verkefninu læra börn og ungt fólk að taka virkan þátt í náttúruvernd. Markmið verkefnisins er að tengja skóla eða barnahóp við sérfræðing og við umsjónarmann friðlýsts svæðis og beina ungmennum í átt að skilvirkri náttúruvernd. Börnin sjá um “sitt” svæði og fræðast um umhverfis gildi svæðisins, hvað er að gerast á svæðinu þeirra og mörg önnur tengd smáatriði

Dobromysl var úthlutað svæði í kringum stjörnustöðina Ďáblice í Prag. Börnin hittu fulltrúa borgarstjórnar í Prag, eiganda landsins og grasfræðinginn Tomáš Frantík. Við fengum upplýsingar um það hvað við þurfum að gera og hvernig við getum hugsað um svæðið.

Lýsing: Í fyrsta lagi hreinsuðum við burt arfa og runna af svæðinu. Síðan unnum við saman með börnunum að því að hanna aðrar leiðir til að taka til á svæðinu til að hjálpa til við að endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika þess. Rætt verður við tvo sérfræðinga sem sjá um verkefnið, um hugmyndirnar. Þegar tillögurnar hafa verið samþykktar munum við halda áfram.

Hugleiðingar: Ræðið um það við börnin hvernig hegðun okkar getur hjálpað eða skaðað umhverfið. Leiðbeina börnunum til að bera ábyrgð á og sjá um ákveðin stað í umhverfinu okkar.

Höfundur: Starfsfólk Dobromysl Praha



Galaxy S23

3) Hagnýt verkefni III – Tilfinningaleg tengsl við landið sitt



VLASTENECTVÍ

LÁSKA A ÚČTA K ZEMI, KTERÁ JE MOU VLASTÍ.
A HRDOST NA VŠE DOBRÉ, CO Z NI POCHÁZÍ



PATRIOTISM

LOVE AND RESPECT FOR MY HOMELAND, TAKING PRIDE IN ALL THE
GOOD THAT COMES FROM MY OWN COUNTRY



ÆTTJARÐARÁST

ÁST OG VIRÐING FYRIR HEIMALANDI SÍNU OG STOLT YFIR ÖLLU
DVI GÓÐA SEM DADAN KEMUR

FORVITNI OG ÆTTJARÐARÁST

Verkefni: Baka rúgbrauð í heitum hver

Umhverfi: Utandyra

Tími: Reglulega yfir veturinn

Það sem þarf: Hráefnið í brauðið, pottar, plastfilmu, skófla

- 3 bollar rúgmjöl
- 1 ½ bolli hveiti
- 2 ½ tsk matarsódi
- 1 tsk salt
- 750ml súrmjólk/ 1 lítri mjólk
- 1 bolli golden syróp

Kynning: Við segjum börnunum frá því að heimamenn hafa alltaf bakað brauð í hvernum á Laugarvatni. Í gamla daga eldaði fólk brauðið og tók það svo með sér í vinnuna eða í ferðalag. Þjóðið börnunum upp á það að spyrja eldri íbúa svæðisins um uppskriftirnar sínar svo að börnin geti prófað að baka brauð. Að baka brauð í hver er séríslenskur siður sem önnur Evrópulönd hafa ekki kost á að upplifa. Þetta er upplifun sem er tengd þessum stað. Þetta kann að virðast vera algeng iðja fyrir börnin, því þau hafa upplifað þessa aðferð til að baka brauð frá því þau voru ung. Þetta er samt dýrmæt þjóðarhefð og hluti af sögu Íslands. Sýnið börnunum kortið ÆTTJARÐARÁST og spjallið um það hvað annað er dæmigert íslenskt.

Lýsing: Börnunum er skipt niður í minni hópa. Hver hópur þarf að finna uppskrift fyrir hverabrauð eða rúgbrauð. Þau get spurt ömmu og afa eða aðra í samfélaginu hvort þau eigi til uppskrift. Aðalatriðið er að þau fái uppskrift og skrifi hana niður saman. Krakkarnir deila svo uppskriftunum á milli sín. Kennarinn notar uppskriftirnar til að undirbúa hráefnið fyrir næstu vikuna.



Hóparnir skipta hráefninu á milli sín eftir uppskriftunum sem þau eru að nota og blanda hráefninu varlega saman svo að það verði ekki kekkir í deiginu. Börnin skiptast á að mæla og vigta hráefnin og blanda deigið. Allir í hópnum vinna saman. Þegar deigið er tilbúið setja þau það í pott sem er búið að þekja að inna með ólífúolíu og pakka því vel og þétt inn með plastfilmu til að koma í veg fyrir að vatn komist í pottinn.

Hóparnir ganga saman niður að hvernnum og grafa pottinn niður og setja vel af sandi yfir. Brauðið verður til búið eftir 24 klukkustundir. Daginn eftir moka þau pottinn upp, leyfa honum að kólna og hvolfva úr honum á borð. Allir fá að smakka brauðið hjá öllum hópnum, einnig fara þau með smá stykki af brauði til þeirra sem þau fengu uppskriftina frá.

Hugleiðing: Hugleiðingarnar geta átt sér stað meðan verið er að borða brauðið. Hægt er að ræða um það hvað myndi gerast ef að enginn myndi baka þessa tegund af brauði aftur, á meðan þau eru að horfa á ÆTTJARÐARÁST kortið. Hverjum er hægt að kenna að gera hverabrauð? Hvernig getum við tryggt það að aðrar íslenskar hefðir deyi ekki út? Hvaða aðrar hefðir viljum við prófa að gera saman? Einnig þarf að athuga að ef barn á ekki ættir að rekja til svæðisins og hefðin er ekki í þeirra fjölskyldu, hvernig bregðumst við við því og hvernig bjóðum við öðrum að tileinka sér þær hefðir og siði sem fyrir eru á svæðinu. Á Íslandi eiga margar fjölskyldur uppskrift af rúgbrauði þó amma eða afi hafi ekki eldað í hver. En þá er líka hægt að fá fjölskyldu barnsins til að taka þátt með því að leita saman að uppskrift á netinu eða spyrja aðra sem þau þekkja vel og eru af svæðinu.

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni





ÆTTJARÐARÁST

Verkefni: Búa til fána fyrir 17. júní.

Umhverfi: Innan/utandyra

Tími: 60 mínútur

Það sem þarf: Litrík blöð, stangir, skæri, lím

Kynning: Þjóðhátíðardagur Íslands er líka sá dagur sem **lýðveldi Íslands var stofnað**. Þann 17. júní 1944 varð Ísland sjálfstætt ríki eftir að þjóðin hafði greitt atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um að slíta sambandi við Dani og stofna lýðveldi Íslands. Þar af leiðandi er þessi dagur hefur þessi dagur stóran sess í hjörtum Íslendinga. Fólk fer í skruðgöngur og íslenska fánanum er flaggað alls staðar. Við hvetjum börnin til að búa til íslenska fánann til að vera tilbúin fyrir þennan dag.

Lýsing: Börnin klippa og undirbúa pappírinn til að búa til fánann. Þau setja alla hlutana saman og líma þá svo á spítu. Börnin sem koma frá öðru landi eða eru af tvítyngdri fjölskyldu geta búið til annan fána fyrir hitt landið ef þau vilja.

Allir skrifa einhvað sem þeim líkar við landið sitt á flaggið sitt. Við leiðbeinum börnunum að hugsa um fjölbreytt efni - náttúru, tónlist, frægt fólk, bækur, kvikmyndir, listamenn, íþróttamenn og svo framvegis. Börnin lesa fyrir hvort annað það sem þau hafa skrifað á fánann.

Hugleiðing: Setjist í hring og setjið kortið ÆTTJARÐARÁST í miðjuna. Hvað sjáum við á kortinu? Hvað annað gæti verið á kortinu? Ef þú myndir fara til annars lands og einhver myndi spyrja þig hvernig Ísland væri, hvað myndir þú segja? Mikilvægt er að átta sig á því í svona umræðum að ekki allir eiga góðar minningar frá sínu upprunalandi og því ekki sjálfsagt að þau vilji bæta við þeim fána í verkefnið. Einnig þarf að taka tillit til þessa að börn ættuð frá öðrum löndum vilja ekki alltaf vera minnt á það sem er ólíkt með þeim og íbúum nýja landsins. Því er mikilvægt að draga fram það sem við eigum öll sameiginlegt sem manneskjur og samgleðjast öll sem Íslendingar hvaðan fjölskylda þeirra kom einhvern tíma.

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni



ÆTTJARÐARÁST, SKÖPUNARGÁFA

Verkefni: Búa til snjótröll/snjókarla

Umhverfi: Innan/utandyra

Tími: 2 x 80 mínútur

Það sem þarf: Pappír, liti, snjó, skóflu, mismunandi stærðir af fötum, matarlit, spreibrúsa

Kynning: Skoðið myndina af Reynisdröngum sem staðsettir eru nálægt Vík í Mýrdal við vesturenda Reynisfjöru. Þetta eru bergmyndanir sem eru í laginu eins og spjótsoddar. Nokkrir þessara tinda rísa upp úr sjónum, sá hæsti er 66 m hár. Samkvæmt goðsögninni voru þessir tindar upphaflega myndaðir af tröllum sem vildu þvinga skip sem átt leið hjá upp að landi. Áður en það tókst urðu þeir fyrir sólargeislum við sólarupprás, sem breyttu þeim í steina.



Lýsing: Börnunum er skipt upp í litla hópa og í sameiningu eiga hóparnir að búa til stutta sögu um tröll sem bjuggu einu sinn á Íslandi. Hópurinn verður að ákveða í sameiningu fjölda og stærð tröllana í sögunni. Hópurinn teiknar mynd af sögunni. Allur bekkurinn fer svo út að búa til tröllin í sögunni úr snjónum. Þegar börnin hafa lokið við það að búa til tröllin, blanda þau matarlit við vatn í spreibrúsa og lita tröllin sín í ýmsum litum. Þegar allir hópar eru búnir með verkin sín, lesa þau sögurnar sínar.

Hugleiðing: Í hugleiðingunum notum við kortið ÆTTJARÐARÁST og bendum börnunum á Hallgrímskirkju á kortinu. Hún er í laginu eins og tindarnir (Reynisdrangar), hönnun hennar fær innblástur af íslenskri náttúru, tekur tillit til jöklanna, fjalla, hraun myndana, sérstaklega sexhyrnu basalt súlurnar sem finna má við Svartafoss í Skaftafelli. Ræðið um eðli íslenskrar náttúru og hvernig hún getur veitt okkur innblástur í okkar eigin verkum.

Höfundur: Starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni



ÆTTJARÐARÁST, FORVITNI

Verkefni: Rúnir

Umhverfi: Inni

Tími: 60 mínútur

Það sem þarf: Pappír, blýanta, mynd af rúnalettrinu, band

Kynning: Ræðið við börnin um uppruna íslensku þjóðarinnar: Þegar einn Noregskonunganna, Haraldur hárfagri, tók að leggja allt landið (Noreg) undir sig með valdi á seinni hluta 9. aldar, yfirgáfu margar fjölskyldur heimili sín í Noregi til að forðast líf í ánað. Þessir Norðmenn fluttu í burt ásamt fjölskyldum sínum, þjónum og þrælum og enduðu á því að setjast að á eyðieyju í Atlantshafi, Íslandi. Í nýja landinu gerðu þeir tilkall til lands og samþykktu lög sem tryggðu þeim frið og sjálfstæði frá norska konunginum. Árið 930 stofnuðu þeir Alþingi, allsherjarþing, undir forystu löggjafarþings, sem skipað var öllum höfðingjum, og löggjafa sem las upp og skýrði frá samþykktum lögum. Á hinu árlega Alþingi hittust karlar og konur alls staðar að af landinu, ræddu og leystu deilumál og nutu íþróttar og sögðu sögur og fréttir. Hver sem er gat tekið þátt.

Íbúar Skandinavíu tilbáðu heiðnu guðina og ristu oft út trúarleg skilaboð með því að nota rúnir, galdratákn og fyrstu Germönsku skriftunum í steina, tré og málma. Rúnir voru notaðar sem heilög skrift til að skrá mikilvæga viðburði eða til að vernda fólk eða hluti frá töfrum/göldrum. Rúnirnar 24, eða þær eldri FUTHARK, eru taldar vera upprunalega rúnastafrófið, sem samkvæmt goðsögninni var birt Óðni þegar hann hékk í tré í níu daga og nætur, stunginn með spjóti sem fórn fyrir sjálfan sig. Óðinn var æðsti guð Skandinavíu, sonur risans Bor og tröllkonunnar Bestlu. Hann gat breytt um form, stjórnað hugsun andstæðinga sinna, spáð fyrir um og kastað álögum, með því að nota þekkingu sína á rúnum.



Lýsing: Börnin byrja á því að reyna að skrifa nafnið sitt með því að nota gamla rúnastafrófið. Svo þarf hvert og eitt að finna verkefni fyrir hina (til dæmis, hoppa á öðrum fæti, lokaðu augunum og snertu nefið þitt og svo framvegis). Þau skrifa þessi verkefni á blað með rúnalettri, sem þau síðan rúlla upp og binda utan um með snæri. Þau setja blöðin í körfu. Þegar allir hafa klárað, fá allir að draga einn miða úr körfunni og eiga að þýða rúnalettrið sem er á miðanum. Framkvæma svo það sem stóð á miðanum, allir saman eða bara ein.

Hugleiðing: Hvað vitum við um rúnir? Hvers vegna voru rúnir mikilvægar fyrir Íslendinga í gamla daga? Á hvað trúði fólk á þessum tímum? Getur þú ímyndað þér að einhver úr þinni fjölskyldu lifði á þessum tímum? Í hvernig húsum bjó fólk á þessum tímum? Við hvað unnu þau? Hvers vegna er það mikilvægt að við getum ímyndað okkur hvernig forfeður okkar lifðu? Ef við vitum ekki einhver svör við þessum spurningum, þá getum við leitað svara í bókum og á netinu.

Höfundur: Jana Haková



ÆTTJARÐARÁST, ÁBYRGÐ

Verkefni: Karlsbrúin í Prag

Umhverfi: Úti

Tími: 45 mínútur

Það sem þarf: Grillstangir (langar), sykurpúða, bönd, mynd af Karlsbrúnni í Prag

Kynning: Ræðið um það við börnin hver Karl fjórði var, hvað hann gerði fyrir Tékkland, hvaða arfleifð hann skildi eftir og hvað hann byggði. Sýnið börnunum mynd af Karlsbrúnni í Prag og ræðið um það af hverju hún er mikilvæg, Hvers vegna það var mikilvægt að tengja saman bakka árinna Vltava eftir að fyrri brúin sem var þar hafi eyðilagst í flóðum.

Lýsing: Skiptið bekknum upp í minni hópa. Kynntir eru viðburðir 14. aldar í Tékklandi, þegar gamla brúin eyðilagðist var engin brú yfir Vltava ána. Hóparnir eru beðnir um að byggja nýja brú sem tengir saman bakkana báðum megin árinna. Brúin þarf að geta staðið sjálf yfir ánni og gott væri að hún væri lík Karlsbrúnni, þar með talið með stytum. Notið bönd til að afmarka ána sem ekki má stíga í meðan á framkvæmdum stendur. Sett eru tímamörk, um það bil 15-30 mínútur (fer eftir aldri barnanna). Hver hópur fær byggingarefni: 30 grillstangir og einn poka af sykurpúðum. Staðsetjið hópana við hliðina á ánni með smá bil á milli hópanna svo að hver hópur hafi nægt svæði til að byggja. Gott að merkja svæði fyrir hvern hóp meðfram ánni.

Þegar tíminn er útrunnin stoppa allir sína vinnu. Ef þú sérð að börnin eru ekki að ná að klára að byggja brúna innan tímamarka, þá er mögulegt að bæta aðeins við tíman fyrir alla hópana. Þegar þau hafa klárað skoðum við verk allra hópanna og athugum hvort verkefnið hefur verið klárað - að báðir bakkar árinna séu tengdir saman með brúnni, að brúinn sé stöðug, og að stytturnar séu til staðar á brúnni.

Hugleiðing: Spyrjið börnin um það hvernig flóðið (sem eyðilagði fyrri brúna) tengist ábyrgð höfðingjans. Hver á brýrnar og hver ber ábyrgð á þeim? Hverju berum við ábyrgð á? Hvernig verk ráðum við við? Hver er ástæðan fyrir því að heilt land þarf einhvern til að fylgjast alltaf með þeim, ekki bara brúnum? Hver er það? Getum við einnig borið þá ábyrgð?

Aðrar útfærslur: sambærilegt verkefni tengt íslenskir sögu eða hefðum.

Höfundur: Pavla Přibyllová





PRAUTSEIGJA, ÆTTJARÐARÁST

Verkefni: Emil Zátopek's hlaupið/skólahlaupið

Umhverfi: Úti

Tími: 45 mínútur

Það sem þarf: Keilur til að merkja leiðina

Kynning: Spjallið við börnin um hver Emil Zátopek var, hvernig hann hafði áhrif á íþróttir í Tékklandi og landslag Ólympíuleikana. Spyrjið börnin hvaða dyggðir þau halda að hann hafi þurft að hafa til að vinna fjögur gull á Ólympíuleikum.

Lýsing: Merkið hlaupabraut með keilum. Börnin þurfa að hlaupa á brautinni í ákveðin tíma. Settu tímalengd hlaupsins út frá aldri barnanna, svo að þau þurfa að leggja sig smá fram og þurfa að sigrast á líkamlegum takmörkunum sínum og þreytu í minnsta kosti í stuttan tíma.

Hugleiðing: Spyrjið börnin hvort það var auðvelt eða erfitt að halda áfram og hlaupa þangað til tíminn var búin. Hvernig getur þrautseigja eins manns gagnast landinu öllu? Hvaða aðra Ólympíufara þekkið þið? Hvernig fögnum við stórum afrekum íþróttamanna? Hvað hvetja aðrir íþróttamenn okkur til að gera?

Íslensk útfærsla: íslenskar íþróttahetjur og hægt er að útfæra leikinn í tengslum við þá íþróttahetju sem um ræðir.

Vilhjálmur Einarsson (5. júní 1934 - 28. desember 2019) var íslenskur íþróttamaður og skólastjóri frá Egilsstöðum. Vilhjálmur varð fyrstur Íslendinga til komast á verðlaunapall á Ólympíuleikum er hann hlaut silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu árið 1956.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir (f. 15. október 1992) er fyrrum atvinnukylfingur. Ólafía Þórunn hlaut titilinn Íþróttamaður ársins árið 2017, fyrst kylfinga. Sama ár varð hún jafnframt fyrsti Íslendingurinn til að keppa á golfmóti í LPGA mótaröðinni.

Margrét Lára Viðarsdóttir (f. 25. júlí 1986) er íslensk fyrrum knattspyrnukona. Hún er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum og hóf ferilinn aðeins 15 ára gömul með ÍBV í úrvalsdeild kvenna. Síðar hélt hún til Vals þar sem hún vann 4 Íslandsmeistararitla. Hún skoraði meira en 200 mörk í úrvalsdeild kvenna á Íslandi og er önnur til að gera það og varð fimm sinnum markahæst í deildinni.

Margrét spilaði í Svíþjóð og Þýskalandi á ferlinum, lengst af með Kristianstad. Hún og keppti í meistaradeild Evrópu og varð markahæst þrisvar.

Hún hlaut útnefningu Samtaka íþróttafréttamanna sem Íþróttamaður ársins 2007. Margrét er markahæsta landsliðskona Íslands með 79 mörk. Hún lagði skóna á hilluna árið 2019. Hún er sálfræðingur að mennt og starfar sem slíkur.

Vala Flosadóttir (f. Reykjavík 16. febrúar 1978) er íslensk frjálsíþróttakona og keppti í stangarstökki. Árið 2000 varð hún í þriðja sæti á Ólympíuleikum í Sydney með stökki upp á 4,5 metra, sem jafnframt er persónulegt met.

Árið 1998 setti Vala tvívegis heimsmet í stangarstökki innanhúss og hún setti einnig fimm unglunga heimsmet á árunum 1995-1997. Hún varð Evrópumeistari í stangarstökki innanhúss 1996, en það var í fyrsta skipti sem keppt var í stangarstökki kvenna á stórmóti, og hafnaði í þriðja sæti á Evrópumeistaramóti árið 1998. Hún vann Evrópumeistaramót 22 ára og yngri 1999 og varð önnur á evrópska unglungameistaramóti 1997.



Vala hætti keppni árið 2004. Hún var tekin inn í heiðurshöll ÍSÍ árið 2012.

Ólafur Indriði Stefánsson (fæddur 3. júlí 1973 í Reykjavík) er fyrrum íslenskur handknattleiksmaður og fyrrum fyrirlíði íslenska landsliðsins í handknattleik. Hann er uppalinn í Val og hefur spilað með stórliðum á borð við Gummersbach, AG Kaupmannahöfn og Ciudad Real.

Höfundur: Pavla Přibyllová

Viðbætur um íslenska útfærslu: starfsfólk Bláskógaskóla Laugarvatni





ÆTTJARÐARÁST

Verkefni: Landið okkar Ísland

Umhverfi: Úti

Tími: 60 mínútur

Það sem þarf: 30 tvíhliða spil - önnur hliðin er með stóru númeri og hin hliðin er með mynd af einhverju sem er sérstakt fyrir Ísland, með lýsingu (íslenskt dýr, planta, landslag, sögulegar byggingar, þekktar íslenskar persónur), eins marga teninga og fjöldi hópa eru, blýanta, pappír, krítar til að merkja svæði hópanna, lista með tölunum á spjöldunum frá 1-30 og myndunum sem eru með hverri tölu (svarblað fyrir kennara)

Undirbúningur: Leyfið börnunum að dreifa spjöldunum með tölunum um ákveðið svæði (skólalóð), tölurnar þurfa að snúa upp. Notið krítarnar til að merkja svæði fyrir hvern hóp. Kennari er tilbúinn við hvern hóp með svarblað með tölunum og myndunum.

Lýsing: Skiptið börnunum upp í hópa, 3-6 í hóp. Allir hóparnir gefa sér nafn og merkja sitt svæði með krít. Hver hópur fær tening. Allir hóparnir kasta teningnum sínum einu sinni, leggja töluna á minnið og þegar kennari flautar fara allir hópar að finna sína tölu. Hver hópur vinnur saman í því að finna spjaldið með tölunni, kalla svo á hópinn þegar það er fundið. Leggja myndina á minni og hlaupa heim, ef þau segja rétta mynd við töluna kasta þau aftur teningnum og leggja þá tölu við fyrri töluna og fara að leita aftur. Hóparnir eiga ekki að taka spjaldið með sér, bara að kíkja aftan á spjaldið og sjá myndina og muna hana, og fara svo heim. Leikurinn heldur áfram þangað til að hóparnir hafa lagt saman það oft að talan er komin upp í 30.

Aðrar aðferðir: Einnig er hægt að ákveða að fara til baka með því að draga frá, aðrir möguleikar er að margfalda, deila, hver kennari getur fundið sína aðferð.

Hugleiðing: Eftir leikinn er hægt að láta hvert barn fá einn miða með mynd og þau eiga að segja frá hvað er á myndinni, hver vegna þessi einstaklingur/dýr/bygging/landslag er sérstakt fyrir íslenska sögu.

Höfundur: Margrét Harðardóttir





ÁBYRGÐ, HUGREKKI

Verkefni: Forfaðir Tékklands, Czech

Umhverfi: Úti

Tími: 45 mínútur

Það sem þarf: Bönd fyrir augun, mynd af forföður Tékka með ættbálki sínum

Kynning: Börnin skoða mynd að forföður Tékklands þar sem hann stendur með félögum sínum á Říp fjalli í Tékklandi. Spjallið um það hvernig það var þegar það voru engir bílar, farsímar, verslanir og svo framvegis. Allir borðuðu bara það sem þeir ræktuðu sjálfir. Þá þurfti fólk að deila heimilum sínum með dýrunum sem sáu fólkinu fyrir mat og hjálpuðu þeim að vinna landið. Sögur segja að á þeim tíma voru uppi tveir bræður - Czech og Lech. Þeir bjuggu á svæði þar sem var mikið um stríð, svo að þeir ákváðu að finna sér nýtt heimili fyrir ættbálkinn sinn. Á löngu ferðalagi fóru þeir yfir fjöll, mýrar og ár. Þeir voru að þrotum komnir þegar Czech sá fjall við sjóndeildarhringinn sem heitir Říp.

Þar lagðist þreytta fólkið niður að hvíla sig. Meðan það var sofandi, klifraði Czech upp fjallið. Um morguninn gladdist hann yfir fegurð og frjósemi landsins sem hann stóð á. Hann fann nýtt land sem ber nafnið hans - Tékkland. Hann fylgdi ættbálki sínum upp á topp fjallsins, og þau tóku andköf yfir fegurð landslagsins fyrir neðan þau. Þau settust að á þessu svæði. Bróðir hans, Lech, hélt áfram ferð sinni. Talaðu um það hversu hugrakkir og ábyrgir bræðurnir hljóta hafa verið til að leggja af stað í svona langa ferð út í hið óþekkt. Segðu börnunum að þið munið þykjast vera ættbálkur þessa tíma.

Lýsing: Eitt af börnunum er Czech forfaðir og leiðir fólkið sitt til fyrirheitna landsins. Allir hinir í ættbálkinum eru með bundið fyrir augun, sem er til merkis um það að þau vita ekki hvert þau eru að fara, og að þau treysta forföðurnum Czech. Raðið börnunum sem eru með bundið fyrir augun í línu og látið þau halda í öxlina á þeim sem er fyrir framan sig. Forfaðirinn stendur fremst í röðinni og leiðir ættbálkin eftir slóðinni sem kennarinn sýnir honum. Gangan endar á litlum hól svo að þau upplifi það eins og þau væru að klífa fjallið Říp. Þar taka börnin af sér klútana og horfa í kringum sig þar sem þau eru.

Fleiri börn geta prófað að vera forfaðirinn. Hafið hugleiðingar eftir hverja umferð svo börnin geti lært af reynslu fyrri forfeðra og aukið ábyrgð sína á ættbálki sínum

Hugleiðing: Spurðu börnin hversu örugg þeim fannst þau vera þegar þau voru að ganga um með bundið fyrir augun. Hvert var mikilvægasta hlutverk Czech þegar hann var að leiða hópinn? Hver var ábyrgð hans gagnvart ættbálki sínum? Getu blindir komist til fyrirheitna landsins? Hvers vegna þarf tékkneska þjóðin og aðrar þjóðir í heiminum að hafa hugrakka og ábyrga leiðtoga? Hvað myndi gerast ef svo væri ekki?

Höfundur: Jana Haková





ÆTTJARÐARÁST

Verkefni: Tékkland

Umhverfi: Inni

Tími: 2x 60 mínútur

Það sem þarf: Pappír, blýanta, liti

Kynning: Skoðið myndir frá stofnun Tékkaslóvakíu árið 1918 eða stofnun þessarar þjóðar/lands. Skoðaðu mynd af fyrsta forsetanum, T.G.Masaryk á hestbaki. Ræddu við börnin um þær tilfinningar sem fólkið upplifði þegar frjálsa lýðveldið var stofnað.

Lýsing: Skoðaðu með börnunum kort af Tékklandi (eða ykkar landi), lögun þess og landslagi. Bentu á helstu ár, borgir, fjallgarða. Börnin teikna svo útlínur landsins á stórt blað/karton. Það þarf mikla þolinmæði og umhyggju til að tryggja að lögun landsins sé rétt. Síðan skrifa þau allt það sem Tékkar/landar þínir geta verið stoltir af á kortið - persónuleika, kvikmyndir, íþróttamenn, list, uppfinningar og svo framvegis.

Hugleiðing: Farið í hring, horfið á kortið ÆTTJARÐARÁST, ræðið hvað það felur í sér að vera þjóðrækin og hvað er þjóðrækin hegðun.

Höfundur: Pavla Přibyllová

